

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR

ÁRSSKÝRSLA 2025



REYKJAVÍK
MAÍ 2026

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS OG
FRAMKVÆMDASTJÓRA 1

HELSTU VERKEFNI OG
ÁHERSLUR 2026-2027 2

FJÁRMÁL OG
MANNAUÐUR 3

ÍPRÓTTAMÁL 4

MANNVIRKI
VÍKINGS 5

ÁRSREIKNINGUR -
AÐALSTJÓRN 6

ÁRSREIKNINGUR -
SAMSTÆÐA 7

ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



BJÖRN EINARSSON

Formaður Víkingis

Kæru félagar,

Árið 2025 markaði tímamót hjá félaginu okkar, þar sem við fórum í umfangsmiklar breytingar á skipulagi og styrktum innviði félagsins verulega. Með þessum aðgerðum höfum við gert félagið tilbúið fyrir næstu skref, sem hefur tekið Víking á nýtt stig. Ferskir vindar blása nú um félagið og það er óhætt að segja að spennandi tímar séu framundan.

Félagið stendur nú á traustum grunni – stjórnunin er stöðug, fjármálin í góðu jafnvægi, framtíðarsýnin er skýr og metnaðurinn skín í öllum deildum. Reksturinn hefur þróast í átt að hefðbundinni fyrirtækjarekstri, og Víkingur hefur vaxið að styrk og ábyrgð. Við höfum náð gríðarlegum vexti undanfarin ár og í dag er félagið okkar eitt af öflugustu íþróttafélögum landsins, með sterka ímynd út á við.

Það er mikið gleðiefni að í vor náðust samningar við Reykjavíkurborg um Markarsvæðið, með samningnum höfum við leyst úr erfiðum málum og deilum við Reykjavíkurborg, en um leið gert samning sem býr til mikla og einstaka framtíðaruppbyggingu á aðstöðu félagsins í Víkinni og Virkinu Safamýri.

Samheldni og öflug liðsheild ríkir innan félagsins, þar sem mannaðurinn er okkar helsti styrkur og tengslin við hverfið eru sterk. Víkingur er metnaðarfullt afreksfélag sem stefnir að árangri með keppnisliðum sínum, en leggur jafnframt ríka áherslu á öflugt barna- og unglingastarf og fjölbreytta þjónustu við íbúa hverfisins. Þessi þjónusta styrkir samfélagið, gerir hverfið eftirsóknarverðara og stuðlar að því að allir íbúar upplifi sig sem hluta af sterku félagi. Við munum halda áfram að efla okkur á þessum sviðum. Víkingur er í senn metnaðarfullt afreksfélag og þjónustufyrirtæki.

Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið til næstu ára og ætlum að nýta þau tækifæri sem felast í öflugri framtíðarsýn, ábyrgum rekstri, stöðugleika og samstilltri uppbyggingu.

Í lokin vil ég nota tækifærið og færa öllum stjórnarmönnum, starfsfólki, formönnum og stjórnarmönnum deilda, sem og sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og velunnurum, innilegar þakkir fyrir ómetanlegt starf og stuðning á liðnu ári. Ég hlakka til að vinna með ykkur öllum að því að gera Víking enn öflugra og betra félag fyrir iðkendur okkar, félagsmenn, hverfið og samfélagið í heild.

Þetta er félagið okkar allra og mannvirki okkar allra – við byggjum liðsheild okkar á metnaði, heiðarleika og einlægni.

Áfram Víkingur



HAUKUR HINRIKSSON

Framkvæmdastjóri Víkings

Kæru Víkingar,

Það er óhætt að segja að samhliða mikilli velgengni og vexti hefur árið 2025 verið ár mikilla breytinga. Helst hafa breytingar orðið á mannauði félagsins á skrifstofu og innan mannvirkja félagsins í Víkinni og Virkinu. Við höfum horft á eftir góðu og dyggu fólki hverfa úr sínum störfum en í staðinn tekið á móti nýjum og spennandi einstaklingum til að fylla þeirra skarð. Við höfum tekið á móti nýjum fjármálastjóra, rekstrarstjóra, vallarstjóra, íþróttafulltrúa, verkefnastjóra og fjölda annarra nýrra starfsmanna í húsum Víkings. Með hliðsjón af því að innan aðalstjórnar eru að jafnaði 12 stöðugildi þá má átta sig á því að breytingar sem þessar geta tekið sinn toll og það sést skýrt í rekstrarniðurstöðu.

Niðurstaða rekstrarársins 2025 hjá aðalstjórn er neikvæð sem nemur 27,8 millj. kr. Niðurstaðan er ekki góð en þegar rýnt er í niðurstöðu má sjá skýr merki mikilla starfsmannabreytinga. Breytingar sem eru hluti af þeirri hröðu vegferð til framfara sem félagið stendur í. Þegar litið er yfir árið má tiltaka ýmsar aðrar breytingar sem orðið hafa. Breytingar sem sjást minna, en skipta ekki síður máli. Nefna má betrubót á netöryggi félagsins, office umhverfi, internet, betri yfirsýn á rekstri, skjalastýring, rafrænar undirritanir og loks betrubætur í bókhaldi og bókhaldskerfi. Önnur framfaraverkefni sem félagið hefur farið í eru breytingar á merki félagsins og breytingar á nafni mannvirkja Víkings við Safamýri 26. Hér nefni ég ekki allar þær breytingar sem orðið hafa á mannvirkjum Víkings í Vík og Virki, innan og utandyra. Greint er ítarlega frá því í ársskýrslu félagsins.

Fyrir ári síðan talaði ég um mikla ábyrgð, auðmýkt og stolt sem fylgir því að vera í hlutverki framkvæmdastjóra Víkings, íþróttafélags sem án efa er í allra fremstu röð íþróttafélaga hér á landi.

Það eru forréttindi að starfa innan íþróttafélags eins og Víkings. Við þekkjum það vel, að utan frá er auðvelt að meta og dæma árangur íþróttafélaga aðeins út frá úrslitum, stigatöflu eða bikurum. Það hefur ekkert vantað upp á það í sögu Víkings en frammistaða okkar inni á vellinum hefur að stærstum hluta verið framúrskarandi undanfarin ár. En það er ekki það eina sem er framúrskarandi í þessu félagi. Það sem ég upplifi sem framúrskrandi í félaginu er drifkrafturinn í öllu fólkinu sem starfar fyrir Víking. Í íþróttafólkinu okkar, þjálfurunum, sjálfbóðaliðunum, starfsfólkinu og öllum þeim sem leggja hönd á plóg dag eftir dag. Þar sé ég yfirburðarhæfni, metnað og óbilandi vilja til að gera betur í dag en í gær.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvað það er sem gerir íþróttafélög raunverulega öflug. Hvað skapar árangur? Hvað byggir upp festu til lengri tíma? Niðurstaðan er alltaf sú sama. Í grunninn er það fólk. Íþróttafélag er ekkert án fólksins sem stendur að baki því. Það þarf trú. Það þarf þol. Það þarf þrautseigju og vilja til að halda áfram, jafnvel þegar á móti blæs. En það þarf líka hugsunarhátt sem sættir sig aldrei við stöðnun eða meðalmennsku. Fólk sem vill alltaf aðeins meira. Fólk sem ýtir hvert við öðru og krefst þess að við stígum stöðugt skref fram á við.

Það er nákvæmlega sá hugsunarháttur sem ég vil að sé viðvarandi innan Víkings. Við viljum meira og við ætlum lengra. Hvort sem það snýr að árangri inni á velli, hæfni starfsfólks, aðbúnaði yngri flokka eða þeim tækjum og tólum sem við notum daglega, þá á markmiðið alltaf að vera hið sama: að vera í fremsta flokki.

Ef við getum reglulega litið aðeins nokkra mánuði til baka og séð framfarir einhvers staðar í starfseminni, þá erum við á réttri leið. Þannig trúi ég að félög viðhaldi velgengni — og leggi grunn að enn meiri árangri í framtíðinni.

Áfram Víkingur!



HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026

ENDURNÝJAÐ MERKI VÍKINGS

Kominn var tími til að setja punkt fyrir aftan tæplega 100 ára rót á merki Knattspyrnufélagsins Víkings, endurnýja það og setja útliti þess og notkun skorður með leiðbeiningum þar um. Aðalstjórn Víkings fékk til verksins Halldór Smára Sigurðsson. Halldór þekkir félagið vel enda er hann fyrrverandi leikmaður Víkings í meistaraflokki karla í knattspyrnu og hefur tekið búninga félagsins í gegn á tveggja ára fresti í samvinnu við íþróttavöruframleiðandann Macron. Halldór tók merki Víkings í gegn og kynnti ýmsar hugmyndir um notkun þess, svo sem á fánum og varningum.

Við hönnun á endurnýjuðu merki Víkings voru þættir frá fyrstu útgáfum merkisins sóttir og þeim blandað saman við eiginleika sem birtust síðar meir. Þannig var tekið tillit til allrar sögunnar og þeirrar náttúrulegu vegferðar sem merkið fór í seinustu öldina. Þá var skerpt á litum merkisins sem eru nú nútímalegri og henta stafrænu umhverfi betur.

HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026

NÝ KEPPNISTREYJA OG SAMNINGUR VIÐ BOOZT

Í mars sl. var kynnt ný keppnistreyja Víkings í fótbolta og handbolta til næstu tveggja ára. Eins og fyrri ár er treyjan unnin af Macron eftir hönnun Halldórs Smára Sigurðssonar. Við sama tilefni var kynntur nýr aðalsamstarfsaðili félagsins, Boozt.



SAMFÉLAGSMIÐLAR

Sagt var frá því á áramótakaffi félagsins í desember 2025 að ákveðið hefði verið að aðgreina samfélagsmiðla innan félagsins betur. Nú er sá háttur hafður að hver deild er með sinn samfélagsmiðil, sem getur farið á dýptina um mál einstakra deilda, e.t.v. birt nánari upplýsingar um einstaka leiki og ýmislegt fleira. Einnig er starfræktur miðlægur samfélagsmiðill á vegum aðalstjórnar Víkings sem segir frá því helsta í starfi félagsins í heild.



HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR 2025-2026

FJÁRMÁL & UPPGJÖR

Aðalstjórn fer með umsýslu og uppgjör fjármála félagsins og einstakra deilda þess. Til að aðstoða deildir og félagið í heild með yfirsýn innleiddi félagið veflausn frá Advise sem einfaldar fjárhagslega skýrslugerð og veitir skýra yfirsýn yfir rekstur. Í lok árs 2025 tók félagið ákvörðun um að útvísta bókhaldi hjá ráðgjafa- og þjónustufyrirtækinu Sessor. Í framhaldi var tekin ákvörðun um að innleiða nýtt bókhaldskerfi Business Central í stað DK, kerfi sem félagið hefur notast við í fjölda ára. Með breytingum er að því stefnt að nýtt kerfi mæti öllum okkar kröfum, í dag og til lengri tíma, þvert á deildir félagsins. Kerfið muni einfalda og auka fjárhagslega yfirsýn ásamt því að auka og betrubæta kostnaðargreiningu og utanumhald verkefna innan deilda/ráða.

SAMNINGUR VIÐ BILLBOARD FRAMLENGDUR

Það er viðvarandi verkefni Víkings að styrkja og fjölga tekjustofnum félagsins. Það eru mörg tækifæri til þess að styrkja þá tekjustofna sem félagið treystir á í sínum rekstri enn frekar. Svo sem auglýsingaskilti félagsins við Sprengisand, útleigu húsa og veislusala, samninga við samstarfsaðila og rekstrarsamninga við sveitarfélag. Á árinu 2025 framlengdi félagið samning sinn við Billboard vegna auglýsingaskiltis við Sprengisand til ársins 2037.

FJÁRMÁL OG MANNAUÐUR

Árið 2025 var ár mikilla breytinga. Hluti af því voru breytingar á starfsfólki á skrifstofu og í mannvirkjum félagsins. Haukur Hinriksson tók við starfi framkvæmdastjóra Knattspyrnufélagsins Víkings í mars 2025. Í sama mánuði var Vigdís Hauksdóttir ráðin í nýja stöðu sem fjármálastjóri félagsins. Í apríl 2025 var Andela Jovanovic ráðin í stöðu rekstrarstjóra mannvirkja félagsins og um sama leyti var Orri Hjaltalín ráðin sem vallarstjóri. Dagbjört Lena Sigurðardóttir var í júnímánuði ráðin sem íþróttafulltrúi hjá Víkingi. Loks tóku til starfa í mannvirkjum Víkings þau Danuta Michalska og Raitis Galins. Í upphafi árs 2026 var Igor Mrsulja ráðinn í stöðu verkefnastjóra með áherslu á íþróttamannvirki Víkings í Virkinu.

Þær Unnur Erna Óskarsdóttir og Rita Eidukonyté létu af störfum fyrir félagið nýlega. Báðar höfðu þær unnið fyrir félagið í rúman áratug. Knattspyrnufélagið Víkingur þakkar Unni og Ritu fyrir langvinnt og gott starf fyrir félagið.

Á aðalfundi sem fram fór 26. júní 2025 var Björn Einarsson endurkjörinn formaður félagsins. Aðalmenn í stjórn til tveggja ára voru kjörin: Tómas Þór Þórðarson, Jón Fannar Guðmundsson og Elísabet Guðrún Björnsdóttir. Kristín Magnúsdóttir, Vilhjálmur Jens Árnason og Helgi Eysteinnsson voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2024. Nanna Guðmundsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa eftir langvinnt og ómetanlegt starfi fyrir félagið.

Tap af rekstri aðalstjórnar nemur 27,8 milljónum á árinu 2025. Samanlögð afkoma samstæðu var sömuleiðis neikvæð og nam tæpum 102,4 milljónum. Heildarvelta var um 1.219 milljónir. Kostnaðurinn eykst og var tæpar 1.345 milljónir á árinu 2025.

NÝTT SKIPURIT KNATTSPYRNUFÉLAGSINS VÍKINGS

Sem liður í breytingum innan Knattspyrnufélagsins Víkings á árunum 2025-2026 fór vinna af stað við að setja upp skipurrit sem ætlað er að endurspeglar starfsemi félagsins í heild. Skipuritið skilgreinir ábyrgð og lykilverkefni stoðsviða aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins og dregur fram kjarnastarfsemi félagsins sem er iðkun- og útbreiðsla barna-, unglinga- og afreksíþróttar. Kjarnastarfsemi félagsins er að mestu unnin innan íþróttadeilda félagsins. Aðalstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og mótar starfsemi félagsins í samráði við stjórnir deilda. Hlutverk skrifstofu aðalstjórnar er að mynda sterk stoðsvið sem þjónusta kjarnastarfsemi félagsins þvert á deildir og sjá til þess að iðkun- og keppni í íþróttum geti farið fram við bestu mögulega aðstæður.




Rekstrartekjur

ISK 1.219M




Rekstrargjöld

ISK 1.345M



Afkoma

ISK (102,4M)



Framkvæmdastjóri

8 deildir félagsins:

Almenningsdeild, Borðtennis, Handbolti, Hjólreiðar, Karate, Knattspyrna, Skiði og Tennis

Fjármála- og rekstrarsvið Fjármálastjóri

- Ársuppgjör
- Mánaðarleg rekstraryfirlit
- Rekstraráætlanir
- Færsla bókhalds
- Innheimta æfingagjalda
- Greining lykiltalna í rekstri
- Eftirfylgni með verklagsreglum um fjármál og bókhald

Mannvirkjasvið Yfirmaður mannvirkja

- Umsjón með mannvirkjum
- Viðhald fasteigna
- Umsjón og viðhald æfinga- og keppnisvalla
- Veislusalir innan félags
- Vaktaplön/þrifplön.
- Innkaup á rekstrarvöru
- Mannvirkjadagatal í Sportabler

Íþrótta- og afrekssvið Íþróttastjóri

- Faglegt starf
- Barna- og ungmennastarf
- Afrekssstarf
- Æfingatöflur
- Íþróttaskólar
- Íþróttir eldri borgara
- Fræðsla og forvarnir
- Uppl.gjöf í gegnum Sportabler

Sölu- og markaðssvið

- Sala og markaðssetning
- Standa vörð um ímynd félagsins
- Almennar auglýsingar og upplýsinga á heimasíðu / samfélagsmiðlum
- Tekjuöflun
- Samstarfsaðilar - viðhald og eftirfylgni samninga
- Aðstoð við fjáraflanir og viðburðahald



ÍPRÓTTAMÁL

MEISTARAFLOKKAR OG BARNA & UNGLINGASTARF

Besta deild

1. sæti

Meistaraflokkur karla - Knattspyrna

Besta deild

5. sæti

Meistaraflokkur kvenna - Knattspyrna

Grill66 deildin

1. sæti

Meistaraflokkur karla - Handbolti

Grill66 deildin

3. sæti

Meistaraflokkur kvenna - Handbolti



MEISTARAFLOKKAR FÓTBOLTI OG HANDBOLTI

Árið 2025 var blómlegt fyrir meistaraflokka Víkings í fótbolta og handbolta.

Tímabilið 2025 í knattspyrnu var afar gæfuríkt. Upp úr stóð að karlalið Víkings í knattspyrnu vann sinn áttunda Íslandsmeistaratitil í sögunni með sannfærandi hætti. Liðið vann auk þess frækna sigra í umspili Sambandsdeildar UEFA, þ.á.m. sögulegan 3-0 sigur á heimavelli gegn á danska stórliðinu Brøndby. Kvennalið Víkings endaði í 5. sæti Íslandsmótsins og hefur fest sig rækilega vel í sessi í Bestu deild kvenna. Að baki knattspyrnuliðum Víkings er unnið afar öflugt og faglegt starf en innan knattspyrnudeildar ríkir mikil festa í öllum mannaðum sem er afar dýrmætt fyrir allan stöðugleika og árangur knattspyrnuliðanna.

Handboltatímabilinu 2025/2026 lauk nú fyrir skemstu. Víkingur í meistaraflokki karla átti frábæru gengi að fagna í Grill 66 deildinni og endaði tímabilið á toppi deildarinnar. Þar með tryggði liðið sér sæti á meðal þeirra bestu í Olís deild karla á næsta tímabili. Kvennalið Víkings í handbolta lauk leik í 3. sæti Grill 66 deildarinnar. Liðið fór því í umspil um sæti í Olís deilda kvenna en laut í lægra haldi gegn sterku liði Gróttu. Mikill uppgangur hefur átt sér stað í öllu handboltastarfi innan félagsins og er félagið á góðri vegferð í átt að markmiðum sínum að byggja upp sterka yngri flokka og að festa bæði meistaraflokkslið í sessi í efstu deild. Starfsfólki handknattleiksdeildar, stjórnarfólki og öðrum sjálfbóðaliðum er þakkað gríðarlega óeigingjart starf.

FRÉTTIR FRÁ DEILDUM

ÓLYMPIÚFARI ÚR RÖÐUM VÍKINGS



IÐKENDUR Í HANDBOLTA YFIR 500

Yngri flokka starf handknattleiksdeildar Víkings hefur haldið áfram að vaxa og dafna á árinu og hefur iðkendafjöldi nú farið yfir 500 iðkendur. Með þeirri fjölgun er Víkingur í dag með eitt stærsta yngri flokka starf landsins í handbolta. Mikill metnaður einkennir starfið, bæði hjá þjálfurum, iðkendum og foreldrum, og hefur það skilað sér í öflugum og farsælu starfi á öllum stigum.

Yngri flokka starf Knattspyrnudeildar heldur einnig áfram að blómstra en Víkingur hefur fest sig í sessi sem eitt af fjölmennustu félögum í Reykjavík og er það eftirtektarvert þegar kemur að fjölda liða sem haldið er úti af hálfu félagsins á mótum og eru Víkingar þar mjög áberandi.

Áfram er mikill stígandi í yngri flokkunum og hafa iðkendur félagsins staðið sig afar vel bæði innan vallar sem utan. Víkingur á áfram flotta fulltrúa í yngri landsliðum Íslands, bæði í handbolta og fótbolta, sem endurspeglar þann sterka grunn sem lagður er í yngri flokka starfinu.

Skíðadeild Víkings er er áfram á sterkum stað og gegnir mikilvægu hlutverki innan íslenska skíðasamfélagsins. Áhugi á starfinu er mikill og hafa byrjendanámskeið deildarinnar notið mikilla vinsælda og fyllst hratt. Víkingurinn Bjarni Þór Hauksson hélt sæti sínu í landsliðinu og náði meðal annars glæsilegum árangri með sigri í stórsvigi á FIS-móti í Austurríki í vetur. Þá átti Víkingur einnig fulltrúa á Vetrarólympíuleikunum þar sem Elín Elmarsdóttir Van Pelt keppti fyrir Íslands hönd í svigi og stórsvigi.

Karatedeild Víkings hefur fest sig vel í sessi í Virkinu og heldur áfram að byggja upp öflugt og mikilvægt starf innan félagsins. Deildin gegnir mikilvægu hlutverki í að auka fjölbreytni í íþróttastarfi Víkings og býður iðkendum á öllum aldri upp á metnaðarfulla íþróttaiðkun í nærumhverfinu.

Tennisdeild Víkings heldur áfram að vera leiðandi afl í uppbyggingu tennisíþróttarinnar á Íslandi og eru tennisvellir félagsins í Fossvogi mikilvæg miðstöð starfsins. Mikil gróska er í starfseminni, fjöldi móta fer fram á svæðinu ár hvert og líflegt samfélag hefur myndast í kringum tennisstarfið hjá Víkingi.

FRÉTTIR FRÁ DEILDUM



ÍSLANDSMEISTARAR Í BORÐTENNIS

Borðtenniseild Víkings starfar við frábærar aðstæður í húsnæði TBR og hefur starfsemin gengið afar vel á árinu. Mikill kraftur er bæði í meistaraflokki og yngri flokka starfinu og hefur árangur félagsins verið eftirtektarverður. Víkingar hafa unnið til fjölda verðlauna á tímabilinu, meðal annars Íslandsmeistaratitla í meistaraflokki karla og kvenna sem unnu bæði 1. deildina á liðnu tímabili.

Hjólreiðadeild Víkings hefur haldið úti öfluglu starfi allt árið um kring með áherslu á hreyfingu, félagsskap og lýðheilsu. Yfir vetrartímam æfir hópurinn meðal annars innan dýra og hefur starfsemin orðið fjölbreyttari með tilkomu fjallahjóláæfinga í samstarfi við Aftureldingu.

Almenningsdeild Víkings hefur áfram gegnt mikilvægu hlutverki í að efla félagslíf og stuðla að bættri lýðheilsu í hverfinu. Víkingar sjást víða á hlaupaviðburðum landsins og er ánægjulegt að sjá sífellt fleiri hlaupara í litum félagsins. Hápunktur ársins var hið árlega Hleðsluhlaup sem fram fór í Fossvoginum 28. ágúst og tókst afar vel til. Sérstaklega ánægjulegt var að hlaupið var valið götuhlaup ársins 2025.



FRÉTTIR FRÁ DEILDUM



Jóga hefur rutt sér til rúms innan Víkings og áfram verið boðið upp á jógatíma fyrir fullorðna sem liður í því að skapa fjölbreytt og aðgengilegt íþróttá- og heilsustarf fyrir íbúa hverfisins á öllum aldri.

Á árinu bauð Víkingur í fyrsta sinn upp á **Taekwondo** æfingar í Virkinu. Æfingar voru haldnar tvisvar í viku fyrir þrjá aldurshópa og voru þær vel sóttar frá upphafi, sem sýnir skýran áhuga á aukinni fjölbreytni í íþróttastarfi félagsins. Einnig hefur félagið verið að prófa sig áfram í **Heilsueflingu 60 ára og eldri** og fór fyrsta námskeiðið af stað vorið 2026. Félagið bindur miklar vonir um það og telur þetta jákvæða þróun fyrir íþróttahreyfingu í hverfinu.

Sumarnámskeið Víkings eru fastur liður í starfseminni og er stöðugt unnið að því að þróa þau og bæta til að mæta sem breiðasta hópi barna og fjölskyldna í hverfinu. Námskeiðin hafa verið vinsæl og vel sótt og sama má segja um Íþróttaskóla Víkings sem starfræktur er í Réttarholtsskóla og Álftamýrarskóla yfir vetrartímann. Þar ríkir mikið líf um helgar og hefur aðsókn verið það góð að færri komast að en vilja. Haustið 2025 var hópum fjölgað og boðið var uppá svokallaða Krílahópa fyrir þau allra yngstu, eða frá 18 mánaða aldri. Þá hefur félagið einnig tekið á móti elstu deildum úr leikskólum hverfanna og þannig styrkt tengsl sín við yngstu íbúa samfélagsins.

Víkingur leggur mikla áherslu á að vera öflugur og jákvæður þátttakandi í hverfasamfélaginu og á í góðu samstarfi við skóla, frístundastarf og aðrar lykilstofnanir í hverfinu. Félagið hefur um árabíl verið leiðandi afl í skipulagningu Sumarhátíðarinnar á sumardaginn fyrsta og er hátíðin orðinn mikilvægur hluti af samfélagslífi hverfisins. Við Víkingar erum afar stolt af því hlutverki sem félagið gegnir í samfélaginu og þeirri sterku tengingu sem hefur skapast milli félagsins og íbúa hverfisins.



ÍVAR ORRI ARONSSON
Íþróttastjóri Víkings

MANNVIRKI VÍKINGS

SAMNINGAVIÐRÆÐUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG UM UPPBYGGINGU Á ATHAFNASVÆÐUM VÍKINGS

Eftir ítrekuð erindi, beiðnir og fundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar var í ágúst 2025 samþykkt innan borgarráðs að gengið yrði til samningaviðræðna við Víking um uppbyggingu á athafnasvæði félagsins. Verkefni samningateymisins voru:

- Að móta og semja um langtímasýn fyrir aðstöðu Knattspyrnufélagsins Víkings í Stjörnugróf 18 (Markarsvæði) og ná saman um tímalínur breytinga.
- Að vinna drög að forsögn fyrir deiliskipulagsgerð á þeim grunni og endurskoða umferðaröryggismál.
- Samhliða taka til endurskoðunar og semja um eignarhald, uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja Víkings við Traðarland til framtíðar.

Uppbyggingarsamningur Víkings hefur átt sér langan aðdraganda en borgarráð samþykkti árið 2008 að gefa félaginu fyrirheit um stækkun á athafnasvæði sínu inn á svæði Stjörnugrófar 18, sem átti að taka gildi árið 2016. Árið 2018 var unnin ítarleg skýrsla af hálfu Víkings og Reykjavíkurborgar um framtíðaraðstöðu félagsins þar sem áhersla var lögð á góða nýtingu mannvirkja, þjónustu við íbúa og heilsueflingu. Jafnframt var unnin greining á bættri aðkomu að svæði Víkings við Traðarland 1 og settar upp sviðsmyndir um framtíðaruppbyggingu á athafnasvæði félagsins. Hins vegar varð ekki af fyrirhugaðri uppbyggingu mannvirkja og stækkun athafnasvæðis félagsins við Traðarland næstu ár þar á eftir. Sem afrakstur samningaviðræðna á milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Víkings liggur nú fyrir á aðalfundi félagsins samningur um framtíðaruppbyggingu á athafnasvæðum Víkings við Traðarland 1 og Safamýri 26. Samningurinn, sem nær yfir eignarhald, uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja Víkings, var samþykktur einróma í borgarráði Reykjavíkur fimmtudaginn 7. maí sl.



MANNVIRKI VÍKINGS

VIRKIÐ

Íþróttamannvirki Víkings við Safamýri 26 var formlega gefið nýtt heiti á áramótakaffi félagsins í loks árs 2025. Íþróttasvæðið ber nú heitið Virkið

STÚKUBYGGING

Endurbætur á stúkubyggingu í Víkinni héldu áfram á árinu 2025. Áfram var unnið í að einangra og innrétta rými fyrir aftan stúku til að auka við og bæta upplifun áhorfenda.

LYFTINGAÐSTAÐA VIRKINU

Nýlega hófust miklar endurbætur á lyftingaaðstöðu Víkings í Virkinu. Veggir, loft og hurðir voru málaðar. Þá voru tæki og búnaður endurnýjaður að miklu leyti.

NÝTT GERVIGRAS LAGT Á ÆFINGAVÖLL

Nýtt gervigras var lagt á æfingavöll Víkings í Víkinni haustið 2025. Samhliða voru lagðar raflagnir fyrir Spiideo myndbandsvélar fyrir völinn.

SKRIFSTOFUAÐSTAÐA

Aðstaða starfsfólks á skrifstofu félagsins var bætt þó nokkuð. Endurnýjuð voru skrifborð og skrifborðsstólar í Víkinni og Virkinu og þeim fjölgað um leið. Vegir voru málaðir, settar voru upp myrkvunargardínur og bætt var við tölvuskjám.

ÚTIAÐSTAÐA VIRKINU

Vinna stendur yfir við endurbætur á útiðstöðu íþróttafólks við Virkið. Að loknum endurbótum verður fyrsta flokks aðstaða fyrir endurheimt íþróttafólks, þ.e. aðstaða með heitum og köldum potti ásamt gufuhúsi.

FLÓÐLÝSING Á ÆFINGAVELLI

Undir lok árs 2025 lauk framkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar vegna nýrrar flóðlýsingar sem sett var upp við æfingavöll Víkings í Virkinu.



KNATTSPYRNUMÖRK


Mikil og rík þörf var orðin að fjárfesta í nýjum knattspyrnumörkum fyrir yngri flokka í knattspyrnu. Undir loks árs 2025 voru keypt 4x stór mörk, 3x tvöföld 7 manna mörk og 2x einföld 7 manna mörk.

AÐRAR ENDURBÆTUR

Fáeinar fleiri endurbætur/viðhaldverkefni má telja upp sem áttu sér stað á árinu 2025. Keyptir voru nýjir stólar fyrir almenningsrými í Virkinu. Þá var almenningsrými í Víkinni málað. Í upphafi árs 2026 áttu sér stað þó nokku af breytingum til viðbótar í mannvirkjum félagsins sem sagt verður betur frá síðar.

MANNVIRKI VÍKINGS

VERKEFNI OG ÁHERSLUR FRAMUNDAN



GERVIGRASVELLIR

Keppnisvöllur Víkings í Víkinni er fyrir nokkru kominn á tíma og mun félagið halda áfram miklum þrýstingi við að endurnýja gervigrasið. Sama má segja um gervigrasvöll Víkings í Virkinu og mun félagið þrýsta á endurnýjun þess vallar sem allra fyrst.

SKIPUN BYGGINGARNEFNDAR

Í kjölfar samningagerðar við Reykjavíkurborg um framtíðaruppbyggingu á athafnasvæðum Víkings í Vík og Virki er áætlað skipuð verði sérstök byggingarnefnd á vegum Víkings. Byggingarnefnd verði falið að fylgja ítarlega eftir tímalínu uppbyggingar sem lofuð er allt frá hönnun til lok framkvæmda.

GÓLF Í ÍPRÓTTAHÚSUM

Verkfræðistofan Efla vinnur nú ástandsúttekt á þaki mannvirkis Víkings í Virkinu ásamt úttekt á ástandi glugga og gólfs í íþróttahúsi. Víkingur bindur miklar vonir við að gólfefni í báðum íþróttahúsum Víkings verði endurnýjað í náinni framtíð eða a.m.k. að þau fái nauðsynlegt og þarft viðhald.

VIÐHALD Í VÍK OG VIRKI

Tímabært er orðið að vinna að þörfu viðhaldi í félagsheimili og íþróttasvæði Víkings í Víkinni. Félagið vinnur nú hörðum höndum að fá sérstakan viðhaldsstyrks sem er eyrnamerktur

NÝ LÝSING Í ÍPRÓTTAHÚSI Í VIRKINU

Reykjavíkurborg hefur nú þegar keypt nýja lýsingu í íþróttahús Víkings í Virkinu. Fyrirséð er að lýsingin verði sett upp í byrjun júnímánaðar.



ANDELA JOVANOVIC
Yfirmaður mannvirkja

ÁRSREIKNINGUR 2025

AÐALSTJÓRN

* REKSTRARREIKNINGUR		
Rekstrartekjur félagsins námu 326 millj. kr. á árinu 2025 og lækkuðu um 0,8 millj. kr. milli ára eða um 0%. Tap félagsins á árinu 2025 nam 27,8 millj. kr. (2024: Hagnaður 4,0 millj. kr.)	Tekjur	326.046.659
	Gjöld	278.060.066
	Framlög til deilda	(75.067.402)
	Fjármunatekjur / fjármagnsgjöld	(676.431)
	Tap	(27.757.240)

* EFNAHAGSREIKNINGUR		
Eigið fé félagsins í árslok nam 1.108,4 millj. kr. (2024: 1.136,1 millj. kr.). Eigið fé og skuldir samtals nema 1.162.787.727 millj. kr.	Eignir	1.162.787.727
	Langtímaskuldir	7.751.800
	Skammtímaskuldir	46.673.553

ÁRSREIKNINGUR 2025

SAMSTÆÐA

* REKSTRARREIKNINGUR

Tap varð af rekstri félagsins árið 2025 sem nam kr. 102.402.409,- samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok var kr. 1.645.428.263,- og lækkaði um kr. 99.750.585,- á árinu. Eiginfjárlutfall er 92,8 %.

Tekjur	1.219.113.297
Gjöld	1.345.223.116
Fjármagnstekjur / Fjármagnsgjöld	(126.109.8019)
Afkoma	(102.402.406)

* EFNAHAGSREIKNINGUR

Peningalegar eignir umfram peningalegar skuldir í árslok námu kr. 333.462.226,- samkvæmt efnahagsreikningi, en til samanburðar voru peningalegar eignir umfram skuldir að upphæð kr. 510.726.573,- árið áður. Heildartekjur félagsins lækkuðu um 27% milli ára, en rekstrargjöldin hækkuðu um 8%. Hreinar fjármagnstekjur á árinu námu kr. 23.707.410,- á móti fjármagnsgjöld kr. 1.117.984,- árið áður.

Eignir	1.772.824.503
Langtímaskuldir	7.751.800
Skammtímaskuldir	119.644.440



VIÐÍSDÓTTIR
Fjármálastjóri Víkings

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR

STOFNAÐ 1908

UPPLÝSINGAR

Sími

5197600

Tölvupóstur

vikingur@vikingur.is

Heimasíða

www.vikingur.is

Heimilisfang

Traðarlandi 1 og Safamýri 26

108 Reykjavík



Knattspyrnufélagið Víkingur - Aðalstjórn

Ársreikningur 2025

Óendurskoðaður ársreikningur
Knattspyrnufélagið Víkingur - Aðalstjórn
Traðarlandi 1
101 Reykjavík

Kt. 700269-0789

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2025

Rekstrartekjur félagsins námu 326,0 millj. kr. á árinu 2025 og lækkuðu um 0,8 millj. kr. milli ára eða um 0%. Tap félagsins á árinu 2025 nam 27,8 millj. kr. (2024: Hagnaður 4,0 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.108,4 millj. kr. (2024: 1.136,1 millj. kr.).

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 12,0 (2024: 12,0).

Stjórn og framkvæmdastjóri Aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings hafa í dag rætt ársreikning aðalstjórnar félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 2026

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Knattspyrnufélagsins Víkings - Aðalstjórn fyrir árið 2025 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 2026

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Styrkir frá ÍBR, ÍSÍ og ÍTR		251.460.069	254.480.913
Aðrar húsaleigutekjur		13.302.519	17.878.671
Tekjur af lottó		21.118.111	17.498.586
Tekjur af samkeppnisrekstri, flettiskilti ofl.		23.867.013	18.352.924
Námskeið		13.356.245	11.659.813
Aðrar tekjur		2.942.702	7.017.344
		326.046.659	326.888.251
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	169.886.753	126.591.684
Rekstur fasteigna		59.557.044	72.526.330
Annar rekstrarkostnaður		47.084.741	40.524.207
Samkeppnisrekstur		0	0
Gjaldfærð orlofsskuldbinding	(1.746.890)	3.336.362
Afskriftir	7	3.278.418	2.190.695
		278.060.066	245.169.278
Rekstrarhagnaður fyrir framlög deilda		47.986.593	81.718.973
Framlög til deilda	(75.067.402)	(76.851.593)
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármagnsliði	(27.080.809)	4.867.380
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.200.444	2.457.473
Vaxtagjöld		(1.876.875)	(3.354.514)
		(676.431)	(897.041)
(Tap) hagnaður ársins		(27.757.240)	3.970.339

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	1.108.672.160	1.105.783.919
Fastafjármunir		1.108.672.160	1.105.783.919
Viðskiptakröfur		29.477.429	35.451.945
Handbært fé		24.638.138	32.270.053
Veltufjármunir		54.115.567	67.721.998
Eignir samtals		<u>1.162.787.727</u>	<u>1.173.505.917</u>
Eigið fé			
Höfuðstóll frá fyrra ári		1.040.969.614	1.036.999.275
Endurmat fasteigna		95.150.000	95.150.000
Afkoma ársins		(27.757.240)	3.970.339
Eigið fé		<u>1.108.362.374</u>	<u>1.136.119.614</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	8	7.751.800	12.776.997
Langtímaskuldir		7.751.800	12.776.997
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	5.368.802	4.804.567
Viðskiptaskuldir		20.707.675	1.716.329
Aðrar skammtímaskuldir		20.105.052	17.533.559
Skammtímaskuldir		46.673.553	24.609.306
Skuldir samtals		<u>54.425.353</u>	<u>37.386.303</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.162.787.727</u>	<u>1.173.505.917</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í reikninginn þegar þeirra hefur verið aflað og þær hafa fengist greiddar.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun utan fasteigna sem færðar eru á fasteignamati hvers árs og endurmat fært á eigið fé. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki 5 - 10 ár

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þann	2025	2024
Laun	133.243.432	100.897.597
Mótframlag í lífeyrissjóð	16.999.307	12.706.765
Önnur launatengd gjöld	9.457.928	7.139.118
Annar starfsmannakostnaður	10.186.086	5.848.204
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>169.886.753</u>	<u>126.591.684</u>
Ársverk	12	12

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2024.....	1.089.000.000	19.405.291	1.108.405.291
Heildarverð 31.12.2024.....	1.089.000.000	27.347.571	1.116.347.571
Viðbót á árinu	0	6.166.659	6.166.659
Heildarverð 31.12.2025.....	1.089.000.000	33.514.230	1.122.514.230
Afskrifað samtals 1.1.2024.....	0	8.372.957	8.372.957
Afskriftir ársins	0	2.190.695	2.190.695
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	0	10.563.652	10.563.652
Afskriftir ársins	0	3.278.418	3.278.418
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	0	13.842.070	13.842.070
Bókfært verð 31.12.2024.....	1.089.000.000	16.783.919	1.105.783.919
Bókfært verð 31.12.2025.....	1.089.000.000	19.672.160	1.108.672.160
Afskriftahlutföll	0%	10%-20%	

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Fasteignir	1.239.200.000	1.880.300.000
Samtals	1.239.200.000	1.880.300.000

8. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

	2025	2024
Óverðtryggðar skuldir í ISK	13.120.602	17.581.564
Skuldir við lánastofnanir samtals	13.120.602	17.581.564
Næsta árs afborganir langtímalána	(5.368.802)	(4.804.567)
Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi	7.751.800	12.776.997

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

	2025	2024
Afborganir árið 2026/2025	5.368.802	4.804.567
Afborganir árið 2027/2026	6.100.811	5.459.645
Afborganir árið 2028/2027	1.650.989	6.204.040
Afborganir árið 2029/2028	0	1.113.312
Afborganir langtímalána samtals	13.120.602	17.581.564

Sundurliðanir

	2025	2024
Styrkir frá ÍBR og ÍTR		
ÍBR húsaleigustyrkir Víkin	98.000.000	102.393.000
ÍBR rekstrarsamningur Safamýri	66.690.462	54.811.350
ÍBR styrkur til deilda	6.269.879	3.375.000
Styrkur vegna Grindavíkur	0	8.880.000
ÍTR styrkir v/viðhalds	4.000.000	4.000.000
Frístundakort sveitarfélaga	70.582.432	68.379.499
ÍTR aðrir styrkir	5.917.296	12.642.064
	<u>251.460.069</u>	<u>254.480.913</u>
Húsaleigutekjur		
Húsaleiga Víkin	4.472.919	9.196.671
Húsaleiga Safamýri	8.829.600	8.682.000
	<u>13.302.519</u>	<u>17.878.671</u>
Styrkir ekki færðir í ársreikningi		
Aðrir styrkir frá ÍBR/ÍTR sem ekki koma til greiðslu til Víkings eru:		
Styrkur vegna afnota á Borgarmannvirkjum og Egilshöll	32.772.000	30.102.000
Fasteignagjöld ársins, greidd af styrk frá ÍTR	18.582.541	16.997.774
	<u>51.354.541</u>	<u>47.099.774</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	133.243.432	100.897.597
Lífeyrissjóður	16.999.307	12.706.765
Tryggingagjald	9.457.928	7.139.118
Önnur launatengd gjöld	2.101.911	1.535.704
Verktakalaun	8.084.175	4.312.500
	<u>169.886.753</u>	<u>126.591.684</u>
Rekstur fasteigna		
Fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld	2.518.773	2.423.076
Rafmagn, hiti og vatn	9.236.117	7.479.121
Rafmagn, hiti og vatn í Safamýri	9.166.973	6.483.333
Tryggingar	3.450.073	3.066.364
Viðhald fasteigna og annar húsnæðiskostnaður	5.785.770	20.843.313
Kostnaður v/útleigu í Safamýri	724.660	3.141.657
Íþróttaáhöld	872.555	4.296.657
Íþróttaáhöld í Safamýri	0	31.174
Sorphreinsun	3.448.517	1.807.290
Sorphreinsun í Safamýri	539.763	1.309.372
Öryggisgæsla og viðhald kerfis	843.846	1.631.807
Öryggisgæsla og viðhald kerfis í Safamýri	1.359.984	1.339.402
Ræsting og hreinlætisvörur	11.607.789	10.420.528
Ræsting og hreinlætisvörur í Safamýri	1.003.715	1.061.477
Snjómokstur, hálkeyðir, veggjakort ofl.	3.355.657	1.985.390
Rekstrarvörur og annar kostnaður	5.357.507	4.149.325
Rekstarvörur og annar kostnaður í Safamýri	285.345	1.057.044
	<u>59.557.044</u>	<u>72.526.330</u>

Sundurliðanir frh.:

Annar rekstrarkostnaður

Pappír, prentun og ritföng	1.069.168	435.796
Burðargjöld og dreifing	97.351	116.946
Síma- og netkostnaður	1.295.772	745.385
Tölvukostnaður	8.445.759	5.249.761
Funda- og þingkostnaður	6.000	54.927
Áhöld og tæki	1.128.422	1.033.954
Útlagður kostnaður vegna viðburða	3.179.813	1.790.506
Ýmis kostnaður vegna námsskeiða	8.731.761	7.573.103
Akstur og ferðir	11.042.723	14.503.975
Viðburðir	12.900	406.775
Verðlaun og viðurkenningar	174.024	225.400
Ýmis skrifstofukostnaður	0	30.752
Bókhaldskostnaður	2.947.471	0
Þjónustu og seðilgjöld fjármálast.	120.832	92.064
Annar kostnaður	8.832.745	8.264.863
	<u>47.084.741</u>	<u>40.524.207</u>

Framlag til deilda

Frá Aðalstjórn

Knattspyrnudeild	478.921	270.282
Barna- og unglíngaráð Knd.	797.572	387.075
Handknattleiksdeild	211.409	2.961.787
Tennisdeild	0	500.000
Skiðadeild	6.062.570	3.583.360
Borðtennisdeild	0	450.000
Hjólreiðadeild	150.000	0
Karatedeild	0	500.000
	<u>7.700.472</u>	<u>8.652.504</u>
Handknattleiksdeild, Barna- og unglíngaráð	17.239.342	16.973.711
Knattspyrnudeild, Barna- og unglíngaráð	47.200.909	45.088.864
Knattspyrnudeild	0	2.693.600
Skiðadeild	150.000	994.750
Borðtennisdeild	631.392	379.800
Tennisdeild	1.118.320	740.500
Karatedeild	1.026.967	1.327.864
	<u>67.366.930</u>	<u>68.199.089</u>
Samtals framlag til deilda	<u>75.067.402</u>	<u>76.851.593</u>



Knattspyrnufélagið Víkingur

Samstæðureikningur 2025

Efnisyfirlit

Áritun skoðunarmanna.....	3
Áritun og skýrsla stjórnar.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit deilda.....	8

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Víkings

Við, kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnufélagsins Víkings, höfum yfirfarið samstæðureikning Knattspyrnufélagsins Víkings fyrir árið 2025 sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir yfir rekstur allra deilda.

Ársreikningurinn er gerður á skrifstofu félagsins samkvæmt bókhaldi félagsins og upplýsingum frá framkvæmdastjóra og gjaldkera félagsins.

Við höfum sannreynt að tilgreindar eignir eru fyrir hendi og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík,

Óskar Sverrisson
skoðunarmaður

Haraldur Haraldsson
skoðunarmaður

Áritun og skýrsla stjórnar

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2025 kr. 102.402.409. og var eigið fé í árslok jákvætt um kr. 1.645.428.263.

Stjórn Knattspyrnufélagsins Víkinga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samstæðureikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík,

Framkvæmdastjóri:

Rekstrarreikningur 2025

Rekstrartekjur	Skýr.	2025	2024
Framlög og styrkir.....		321.957.055	339.956.746
Tekjur af mótum.....		349.368.490	931.416.197
Leigutekjur af mannvirkjum.....		14.276.830	26.861.671
Æfingagjöld.....		179.020.091	159.623.954
Tekjur af samkeppnisrekstri.....		27.617.013	21.552.924
Aðrar tekjur.....		326.873.818	184.769.429
		<u>1.219.113.297</u>	<u>1.664.180.921</u>
Rekstrargjöld			
Laun, tengd gjöld og verktakagreiðslur.....		703.270.502	594.240.275
Framlag til deilda.....		9.318.334	12.467.504
Félagaskipti og sala leikmanna.....		15.637.625	-
Búningar, áhöld og tæki.....		21.837.519	34.756.744
Þátttaka í mótum og kostnaður vegna móta.....		248.503.640	305.200.491
Kostnaður vegna æfinga og mótahalds.....		3.416.829	-
Kynning, fræðsla og útbreiðsla.....		1.102.636	-
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		60.879.666	47.346.515
Rekstur mannvirkja.....		85.978.322	97.485.087
Annar kostnaður.....		195.278.043	151.283.001
		<u>1.345.223.116</u>	<u>1.242.779.617</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		(126.109.819)	421.401.304
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur.....		23.707.410	(1.117.984)
		<u>23.707.410</u>	<u>(1.117.984)</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>(102.402.409)</u>	<u>420.283.320</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Fastafjármunir			
Verðgildi leikmanna.....		44.320.000	23.100.000
Fasteignir og mannvirki.....		1.245.952.400	1.192.746.879
Vélar, áhöld og tæki.....		21.693.637	18.605.396
Fastafjármunir		1.311.966.037	1.234.452.275
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....		137.416.938	182.368.141
Handbært fé.....		323.441.528	442.377.425
Veltufjármunir alls		460.858.466	624.745.566
Eignir alls		1.772.824.503	1.859.197.841

Efnahagsreikningur 31.12.2025

	Skýr.	2025	2024
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....		1.650.380.672	1.318.465.528
Endurmatsreikningur.....		99.750.000	5.630.000
Verðgildi leikmanna.....		(2.300.000)	800.000
Rekstrarafkoma ársins.....		(102.402.409)	420.283.320
Eigið fé alls		<u>1.645.428.263</u>	<u>1.745.178.848</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán.....		7.751.800	12.776.997
Langtímaskuldir alls		<u>7.751.800</u>	<u>12.776.997</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímalána.....		5.368.802	4.804.567
Viðskiptaskuldir.....		86.650.764	96.437.429
Aðrar skammtímaskuldir.....		27.624.874	-
Skammtímaskuldir alls		<u>119.644.440</u>	<u>101.241.996</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>1.772.824.503</u>	<u>1.859.197.841</u>

Ársreikningur 2025 Félag : Víkingur

Rekstur

Te kjur	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	BUR hkd.	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skiðad.	Tennis	Heildin
11000	Framlög og styrkir	203.674.112	500.000	9.543.308		15.734.637	616.522	150.000	961.967	65.519.066	3.632.120	8.254.803	13.370.520	321.957.055
15000	Te kjur af mótum		1.917.781			5.296.948	3.376.569	50.000		328.044.739	7.958.853		2.723.600	349.368.490
17000	Auglýsingatekjur	23.867.013								3.750.000				27.617.013
20000	Húsa- og vallarleigutekjur	13.302.519											974.311	14.276.830
22200	Æfingagjöld		2.581.905	903.176			47.366.713	3.214.926	668.962	2.226.727	113.338.867		8.718.815	179.020.091
22000	Aðrar te kjur	16.253.947	150.900	835.027		13.066.429	16.633.553	147.585		222.884.904	56.828.395	73.078		326.873.818
TEKJUR ALLS		257.097.591	5.150.586	11.281.511		34.098.014	67.993.357	3.562.511	1.630.929	622.425.436	181.758.235	8.327.881	25.787.246	1.219.113.297

Gjöld	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Ungrl.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skiðad.	Tennis	Heildin
31000	Laun og verktakagreiðslur	168.139.863	1.386.220			16.648.500	24.893.760	1.304.000	1.730.000	379.349.326	96.558.778	535.055	12.725.000	703.270.502
35000	Styrkir til deilda	6.118.334								2.800.000		400.000		9.318.334
36000	Félagaskipti og sala leikmanna					307.336				15.330.289				15.637.625
37000	Áhöld og tæki		1.103.442	39.312		1.020.944	2.468.706	433.950		12.354.493	4.416.672			21.837.519
40000	Þátttaka í mótum	Samtala	207.600	2.862.991		11.453.704	13.309.835	282.000	87.389	208.286.431	8.775.850	3.237.840		248.503.640
	Ferðakostnaður innanlands					944.808	855.950			8.745.800				10.546.558
	Ferðakostnaður erlendis		207.600							119.507.959				119.715.559
	Annar þátttökukostnaður			2.862.991		10.508.896	12.453.885	282.000	87.389	80.032.672	8.775.850	3.237.840		118.241.523
45000	Kostnaður v/mótahalds		461.857							1.310.171	1.325.031		319.770	3.416.829
48000	Rekstur mannvirkja	59.557.044		8.848.950						4.369.346		1.540.782	11.662.200	85.978.322
53000	Rekstur skrifstofu	47.084.741	425.343			478.862		23.352		12.362.935			504.433	60.879.666
56000	Kynning, fræðsla og útbr.		161.000	180.000				196.668					564.968	1.102.636
60000	Kostn. v/samkeppnisrekesturs													
65000	Önnur gjöld	3.278.418	1.057.052	2.480		7.043.178	19.547.063	610.090	5.985	86.950.852	76.478.501	304.424		195.278.043
76000	Fjármagnsliðir	676.431	-208.151	-3.274	-6.431	127.803	-652.731	4.640	-6.219	-22.088.882	-1.330.194	-223.749	3.347	-23.707.410
GJÖLD ALLS		284.854.831	4.594.363	11.930.459	-6.431	37.080.327	59.566.633	2.854.700	1.817.155	701.024.961	186.224.638	5.794.352	25.779.718	1.321.515.706

HAGNAÐUR / TAP	-27.757.240	556.223	-648.948	6.431	-2.982.313	8.426.724	707.811	-186.226	-78.599.525	-4.466.403	2.533.529	7.528	-102.402.409
-----------------------	--------------------	----------------	-----------------	--------------	-------------------	------------------	----------------	-----------------	--------------------	-------------------	------------------	--------------	---------------------

Ársreikningur 2025 Félag : Víkingur

Efnahagur

EIGNIR	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Ungrl.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skiðad.	Tennis	Heildin
81000	Fastafjármunir	1.108.672.160		1.821.477						104.612.400		96.660.000	200.000	1.311.966.037
85000	Veltufjármunir	54.115.567	6.164.265	569.296	380.025	2.753.860	23.976.406	2.149.948	1.806.338	322.516.100	33.934.479	11.869.876	622.306	460.858.466
EIGNIR ALLS		1.162.787.727	6.164.265	2.390.773	380.025	2.753.860	23.976.406	2.149.948	1.806.338	427.128.500	33.934.479	108.529.876	822.306	1.772.824.503

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	Deild	Aðalstjórn	Alm.deild	Borðtennis	Fulltr.ráð	Handknd.	Ungrl.HKD	Hjóladeild	Karate	Knattsp.	BUR knd.	Skiðad.	Tennis	Heildin
91000	Eigið fé	1.108.362.374	6.164.265	2.390.773	380.025	-21.259.138	21.073.682	2.149.948	1.806.338	393.731.460	21.276.354	108.529.876	822.306	1.645.428.263
92000	Skuldir	Samtala	54.425.353			24.012.998	2.902.724			33.397.040	12.658.125			127.396.240
	Langtímaskuldir		7.751.800											7.751.800
	Skammtímaskuldir		46.673.553			24.012.998	2.902.724			33.397.040	12.658.125			119.644.440
SKULDIR OG EIGIÐ FE ALLS		1.162.787.727	6.164.265	2.390.773	380.025	2.753.860	23.976.406	2.149.948	1.806.338	427.128.500	33.934.479	108.529.876	822.306	1.772.824.503